

2. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar Langanesbyggðar haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar, Fjarðarvegi 3, fimmtudaginn 18. sept. 2014 og hófst kl. 17:00

Mætt eru: Gunnólfur Lárusson formaður, Jósteyinn Hermundsson, Sóley Indriðadóttir, Karl Ásberg Steinsson, Aðalbjörn Arnarsson. Gunnólfur Lárusson ritaði fundargerð.

Formaður bauð fundarmenn velkomna, setti fundinn og spurði hvort einhver gerði athugasemd við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Formaður óskaði eftir að fá að setja á dagskrá tvo liði sem yrðu númer 6 og 7

Dagskrá :

1. Umsókn um leyfi fyrir hæsnakofa.

Líney Sigurðardóttir sækir um að fá leyfi til að setja upp hæsnakofa á bak við hús sitt að Hálsavegi 6 þar sem hún ætlar að vera með nokkrar hænur. Samþykkt með þeim fyrirvara að að eigendur að Hálsvegi 8, Hálsvegi 4, Lækjarvegi 5 og Lækjarvegi 7 geri ekki athugasemdir. Jafnframt tekur nefndin skýrt fram að ekki sé leyfilegt að vera með hana, aðeins hænur. Samþykkt samhljóða.

Mikil umræða fór um aukinn áhuga á hæsnarækt hér á Þórshöfn og gera þurfi einhverskonar reglugerð/ samþykkt fyrir sveitarfélagið um svona mál.

2. Staða mála vegna urðunarstaðarins á Bakkafirði.

Formaður fór yfir ferlið vegna urðunarsvæðis á Bakkafirði.

a) Fundagerð umhverfis- og skipulagsnefndar 7. maí 2013 :

Tilvitnun: "Skipulags- og matslýsing dagsett. 7. janúar 2013 var kynnt í samræmi við 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr 123/2010 og íbúafundur vegna deiliskipulagstillögunnar var haldinn á Bakkafirði 20. febrúar 2013. Umhverfis- og skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samþykkt samhljóða" Tilvitnun lokið.

b) Fundagerð sveitarstjórnar 8. maí 2013:

Tilvitnun: " Í lið eitt er leggur Umhverfis- og skipulagsnefnd til við sveitarstjórn að tillaga að deiliskipulagi vegna urðunarsvæðis við Bakkafjörð verði auglýst skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Borið undir fundinn og samþykkt samhljóða og sveitarstjóra falið að auglýsa deiliskipulagið " Tilvitnun lokið.

c) Þann 14. maí 2013 var deiliskipulagið auglýst og skriflegar athugasemdir og ábendingar skyldu berast til umhverfis- og skipulagsnefndar eigi síðar en 26. júní 2013

d) Fundargerð umhverfis- og skipulagsnefndar 22. ágúst 2013:

Minnisblað frá EFLU vegna sormála: Tilvitnun: " Íbúafundur verður á Bakkafirði í kvöld þar sem fjallað verður um minnisblaðið. Ólafur Steinarsson sveitarstjóri og Steinunn Leósdóttir formaður umhverfis- og skipulagsnefndar munu sitja þann fund" Tilvitnun lokið.

e) Fundargerð umhverfis- og skipulagsnefndar 30. september 2013:

Tilvitnun : "Sveitarstjóri lagði fyrir drög að samkomulagi við íbúasamtök Bakkafjarðar. Nefndin ræddi samkomulagið. Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir þetta samkomulag og leggur til að gengið verði frá því við íbúasamtök Bakkafjarðar " Tilvitnum lokið.

- f) Fundargerð umhverfis- og skipulagsnefndar 26. nóvember 2013 :
Tilvitnun : “Búið að koma bréf frá Íbúasamtökunum Bakkafjarðar og Ólafur kynnti það. Sveitarstjóra falið að kanna stöðuna á skipulagsvinnu vegna urðunarstaðar á Bakkafirði. Fundarmenn sammála um að einnig þurfi að skoða framtíðarlausn í urðunarmálum“ Tilvitnun lokið.
- g) Fundargerð umhverfis- og skipulagsnefndar 20. mars 2014
Tilvitnun : “ Fjallað var um stöðu á samningi við íbúasamtök Bakkafjarðar. Ákveðið að Steinunn og Ólafur myndu óska eftir fundi með fulltrúum frá samtökunum“ Tilvitnum lokið.

Bókun umhverfis og skipulagsnefndar varðandi þennan lið er eftirfarandi: Ljóst er að leitað hefur verið allra leiða til að leysa þessi mál sl. 14 mánuði og telur nefndin að nóg sé komið og leggur til við sveitarstjórn að auglýsa deiliskipulagið að nýju þannig að sá aukakostnaður sem leggst á heimili og fyrirtæki haldi ekki áfram að aukast. Jafnframt hvetur umhverfis-og skipulagsnefnd ríkistjórn Íslands að endurskoða reglur og samþykktir varðandi urðun og eyðingu sorps á landsvísu þar sem sorphirða og sorpeyðing er farin að sliga sveitarfélög og það séu enginn rök fyrir því að heilu sveitarfélögin séu að flytja sorp landshornanna á milli.Samþykkt samhljóða.

3. Bréf vegna fyrirspurnar á losun á sorpi.

Á fundi umhverfis- og skipulagsnefndar 1.júlí 2014

Tilvitnun: “Rætt um sorpmál fyrirtækja á Bakkafirði. Ákveðið að senda fyrirspurn vegna þessa.“Tilvitnun lokið. Formaður sagði frá því að engin svör við fyrirspurninni hefðu borist.

4. Samþykktir fyrir hunda - og kattahaldi.

Um er að ræða nýja samþykkt fyrir hunda-og kattahaldi sem unnin var í samstarfi við Umhverfis og auðlindaráðuneytið. Samþykktin samþykkt samhljóða.

5. Gjaldskrá fyrir Hunda-og kattahald.

Um er að ræða nýja gjaldskrá, gjaldskráin samþykkt samhljóða.

6. Skipulagslýsing.

Formaður lagði fram skipulagslýsingu vegna fyrirhugaðs deiliskipulags svæðisins umhverfis Þórshafnarkirkju og nýs kirkjugarðs í samræmi við gildandi aðalskipulag Langanesbyggðar. Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir skipulagslýsingu og felur skipulagsráðgjafa að óska samþykkis Skipulagstofnunar fyrir auglýsingu hennar. Samþykkt samhljóða

7. Leyfi fyrir snúningsplani á Gunnólfsvíkurfjalli.

Fyrir hönd Vegarerðarinnar óskar Sigurður Jóhannes Jónsson eftir leyfi til að gera snúningsplan til móts við fyrstu beygju á Gunnólfsvíkurfjalli, með umsókninni er málsett afstöðuteikning. Umhverfis og skipulagsnefnd fagnar þessari framkvæmd og samþykkir hana samhljóða en bendir jafnframt á að Vegaerðin verði að fá leyfi frá þeim sem fara með yfir umsjón með fjallinu.

8. Önnur mál.

Fjallað var um timburhauginn á plani Steypustöðvarinnar.

Fundargerðin upplesin og samþykkt
Fleira ekki gert. Fundi slitið kl.18:50